



Kópavogi, 10. nóvember 2025
25101479/ KHK

Roðahvarf 23

Umsögn um byggingarleyfisumsókn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Vísað er til byggingaleyfisumsóknar Veitna ohf. dags. 25. maí 2025 á lóðinni Roðahvarfi 23. Sótt er um byggingaleyfi fyrir dreifistöð Veitna á lóðinni.

Byggingarfulltrúa vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa þann 10. október 2025.



Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs.

Gögn til yfirferðar

Grunnmynd, útlit og snið, dags 25. maí 2025




Forsendur í deiliskipulagi

Deiliskipulag Vatnsendahvarfs, dags 14. nóvember 2023 setur fram skilmála fyrir dreifistöðvar rafmagns. Heimilt er að reisa einnar hæðar byggingu innan byggingarreits, með hámarkshæð upp á 3 metra yfir uppgefnum gólfkóta. Útlit og frágangur dreifistöðva skal samræmast byggingum í nærumhverfi og uppfylla almenn skilmálaviðmið um byggingarefni, þakform og frágang lóða. Þannig er tryggt að dreifistöðvar falli vel að umhverfi sínu og séu bæjarfélaginu til sóma.

Í kafla 4.10.1 Kemur fram að vanda skal til við val á byggingarefnum og almennt skal notast við hlýlega og náttúrulega liti og efni. En að lágmarki skal 25% af efnisvali bygginga vera með hlýlega litatóna. Viðmið fyrir litaval:

Umsókn um byggingaleyfi

Sótt er um byggingarleyfi fyrir dreifistöð veitna. Á aðaluppdráttum dags. 25 maí 2025 kemur fram að útveggjagrind og þak er gert úr stálprófilum, klædd málmlæðningum. Málmlæðingar eru litaðar í RAL 6003.



Umsögn og niðurstaða

Litur á málmlæðningu sem gefin er upp í byggingarleyfisumsókn telst hlýlegur og samræmist litatónaviðmiðum deiliskipulagsins. Skipulagsfulltrúi bendir þó á að vanda þurfi sérstaklega til frágangs og efnisvals, í samræmi við kafla 4.10 í greinargerð, til að tryggja að mannvirkni falli vel að umhverfi sínu og sé bæjarfélaginu til sóma. Ekki er talið að umsótt byggingaráform samræmist gæðaviðmiðum deiliskipulags.

F.h. skipulagsfulltrúa
Kristjana H Kristjánsdóttir
Skipulagsfræðingur

